

# Stjórnarfundur Geðhjálp 09.06.2016

---

**Mættir:** Hrannar, Þórður, Védís, Halldóra, Bergþór, Rakel, Sylviane, Kolbrún og Anna Gunnhildur. Sveinn Rúnar tók þátt í samverustund eftir að formlegri dagskrá lauk. Fundurinn var haldin í Dvöl í Kópavogi og var síðasti fundur stjórnar fyrir sumarfrí.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(MHH).**  
Fundargerð lesin upp og samþykkt (KK).
- 2. Uppbygging Bataskóla í Reykjavík – framgangur málsins (AGÓ).**  
Framkvæmdastjóra var falið að finna leið til að fá fund með menntamálaráðherra vegna fjármögnunar Bataskóla í Reykjavík. Framkvæmdastjóri og Kristjana Gunnarsdóttur, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg, munu gera fjárhagsáætlun um stofnun og rekstur Bataskóla miðað við fyrirbyggjandi hugmynd um stofnun skólans í húsnæði Námsflokka í Reykjavík.
- 3. Styrktarfélag 10okt (HJ, AGÓ).**  
Ný stjórn undir forystu Svövu Dagnýjar Árnadóttur hefur verið skipuð í Styrktarfélaginu og er starfsemin þegar hafin.
- 4. Fulltrúar Geðhjálp á aðalfundi ÖBÍ 14. og 15. október 2016 (HJ).**  
Tillaga framkvæmdastjóra að fulltrúum félagsins á fundinum var samþykkt.
- 5. Undirskriftir samþykktar (HJ).**  
Meirihluti stjórnarinnar skrifaði undir samþykktirnar. Skjalið verður sent til ríkisskattstjóra eins og lög mæla fyrir um.
- 6. Mannréttindabrot gegn fólki með geðraskanir og geðfötlun. Innlegg í skýrslu innanríkisráðuneytisins til Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi á Íslandi (HJ).**  
Framkvæmdastjóra var falið að senda stjórninni tillögu um innlegg.
- 7. Gabor Maté og málþingið Hefur okkur borið af leið?(HJ, AGÓ).**  
Mikill áhugi er á báðum viðburðunum. Nánast er orðið uppselt á fyrirlestrardag Gabor Maté. Alls hafa ríflega 100 manns skráð sig á málþingið *Hefur okkur borið af leið?* Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga hefur bæst í hóp samstarfsaðila um málþingið. Önnur félög eru félög geðlækna, félagsráðgjafa, sálfræðinga og iðjuþjálfara. Þóra Arnórsdóttir hefur tekið að sér fundarstjórn í forföllum Héðins Unnsteinssonar.
- 8. Sumarlokun.**  
Framkvæmdastjóri sagði frá því að skrifstofunni yrði lokað vegna sumarleyfa tvær seinni vikurnar í júlí.

### **9. Önnur mál.**

- Fjallað var um hugsanlega viðburði næsta haust.
- Framkvæmdastjóri sagði frá tveimur styrkjum að upphæð tvær milljónir hvor til Útmeð'a.
- Bergþór sagði frá göngu á Úlfarsfell í lok maí.

***Fundi slitið kl. 18.00.***